



SNORRA SAGA



VERKEFNI

www.nams.is

Auðar Ögmundsdóttur við bókina *Snorra saga*
eftir Þórarin Eldjárn. Teikning: Sigrún Eldjárn
Ritstjóri: Ellen Klara Eyjólfssdóttir

NAFN



KAFLI

- 1 Finndu merkingu eftirfarandi orða.

lokrekkja _____

brekán _____

vígaferli _____

fyrirgangur _____

selast _____

rekjkja _____

pattaralegur _____

önugur _____

griðkona _____

kufl _____

stirðlega _____

hrammur _____

þrútinn _____

- 2 Í kaflanum er lýst heimilisaðstæðum hjá Sturlu í Hvammi árið 1179.

Hverjir voru í heimili og hvers konar heimili finnst þér þetta vera?

- 1 Skrifaðu fall orðanna þar sem svigarnir eru.

Sturla í Hvammi () var mikill ákafamaður () og gaf aldrei neitt eftir og átti því sifellt í deilum () og stríði, oftast við nágranna () sína. Hann var slægur og klókur og beitti til skiptist hörku () og tungumýkt ().

(Snorra saga bls. 9)

- 2 Þú átt að vinna með tveimur bekkjarfélögum þínum og setja upp stuttan leikþátt þar sem þessi lýsing á persónuleika Sturlu kemur skýrt fram.

- 3 Finndu 2 sérnöfn í textanum. _____

- 4 Finndu 8 nafnorð í textanum. _____

- 5 Hvað merkir „og gaf aldrei neitt eftir ...“ _____

- 6 Hvað merkja orðin slægur? _____

tungumýkt? _____

- 7 Hvaða lýsingarorð myndir þú nota til að lýsa framkomu Sturlu gagnvart Páli Sölvasoni? (Reyndu að finna eins mörg orð og þú getur, líka nokkur sem þú notar ekki oft).

- 8 Sturla varð að lúta úrskurði Jóns Loftssonar.

Hvaða kosti hafði þessi úrskurður fyrir Sturlu? _____

- 9 Hvaða ókosti hafði hann? _____

KAFLI

- 1 Farðu í landabréfabókina þína og finndu leiðina frá Hvammi í Döllum að Odda á Rangárvöllum. Eru einhverjir staðir á leiðinni sem þú kannast við?

- 2 Finndu 10–15 lýsingarorð á bls. 14–18 í kennslubókinni. _____

- 3 Sturla sagði að Snorri ætti að vera upplitsdjarfur og höfðingjadjarfur. (Snorra saga bls. 17)

Hvað átti hann við með því?

- 4 Finndu þessi orð í textanum og merkingu þeirra.

lánsamur _____

sýra _____

skæla _____

vol _____

skarn _____

ritföng _____

góss _____

- 5 Hvernig heldur þú að Sturlu hafi liðið að fá ekki að sjá son sinn aftur?

- 1 Þegar Snorri var 12 ára var hann orðinn hámenntaður lögfræðingur og sérfræðingur í sögu Noregs. Einnig var hann farinn að yrkja eftir kúnstarinnar reglum. (Snorra saga bls. 22)
Ef þú berð þetta saman við þig, hver finnst þér vera helsti munurinn?
Af hverju heldurðu að þessi munur stafi?

- 2 Hvaða námsgreinar lærði Snorri?

- 3 Skrifaðu kyn orðanna á línumnar og föll þeirra í svigana.

(Mundu eftir að nota hjálparorð t.d. hestur ef orðin eru eins í mörgum föllum).

Jón () var himinlifandi yfir þessum mikla áhuga _____. Sérstaklega fannst honum mikilvægt að Snorri lærði vel sögu () Noregskonunga _____. Hann sagði honum líka fjölmargt frá Magnúsi berfætt, afa () sínum og fleiri skyldmennum _____.

Jón tók líka snemma að sér að kenna honum lögfræði (). Snorri lærði margar lagagreinar _____ utan að og Jón útskýrði fyrir honum með dæmum () hvernig beita skyldi lögunum og brýndi fyrir honum mikilvægi þess að reyna til hlítar að leysa deilumál () með samningum áður en vopnin _____ væru látin tala. (Snorra saga bls. 21)

- 4 Nú er komið árið 1197 og Snorri orðinn 18 ára. Hvernig myndir þú lýsa þessum 15 árum í lífi Snorra sem hann dvaldi í Odda?

- 1 Í fyrstu efnisgreininni er sagt frá því hvernig Snorri eignaðist konu.

Hvað finnst þér um þetta fyrirkomulag?

Hvað með þætti eins og ást, að kynnast einhverjum o.fl.

- 2 Herdís var ágæt stúlka en frekar þykkjuþung og afskaplega ráðrík. Það var Guðný líka. Þeim tengdamæðgum lenti því illilega saman strax eftir brúðkaupið. Herdís vildi eðlilega fá að vera aðalhúsfreyjan á staðnum.

Guðný hélt nú ekki. Hún hafði alein stjórnað öllu í Hvammi í næstum 20 ár jafnt fyrir utan stokk sem innan og ætlaði sér að halda því áfram. (Snorra saga bls. 28)

Finndu þér félaga og útbúið leikþátt þar sem samskipti Herdísar og Guðnýjar koma fram.

- 3 Hvernig gekk hjónaband þeirra Snorra og Herdísar?

Hverjar telur þú ástæðurnar helst vera?

- 4 Finndu þessi orð og orðasambönd og útskýrðu.

Hann var enn í fullu fjöri _____

Þeir báru hag Snorra fyrir brjósti _____

Þeir töldu brýnt _____

Snorri hugsaði gott til glóðarinnar _____

- 1 Snorri hafði mikinn metnað. Hann var kænn og klókur og fylginn sér. Það leið því ekki á löngu þar til Snorri Sturluson var orðinn einn af voldugustu höfðingjum landsins. ...
 Hann var orðinn moldríkur og naut vaxandi virðingar. Kvenhyllin var í góðu lagi og hann eignaðist smám saman fleiri börn með hjákonum og kærustum. Eldri börnин, Hallbera og Jón, voru oft hjá honum í Reykholti en annars á Borg hjá Herdísí. Þau voru efnileg en kom illa saman. Jón sagði að Hallbera væri stórskrítin, eiginlega hálfbiluð, en Hallbera stríddi honum á móti út af því hvað hann var lítill.

(Snorra saga bls. 34–35)

Veldu 5 lýsingarorð í textanum og stigbreyttu.

Strikaðu undir öll lýsingarorðin.

- 2 Snorri hélt til Noregs 1218 og dvaldi þar til 1220 eða í tvö ár.

Hvaða setningar hér fyrir neðan passa við dvöl hans þar.

Skrifaðu satt á línurnar.

- _____ Æðsti maður í Noregi var Skúli jarl
- _____ Hákon konungur var nýlátinn þegar hér var komið sögu
- _____ Snorri og Skúli jarl urðu góðir vinir meðan á dvölinni stóð
- _____ Snorri og Skúli höfðu báðir mikinn áhuga á sögu Noregskonunga
- _____ Á þessum tíma var Áskell lögmaður Norðmanna
- _____ Snorri notaði tímann í Noregi til að skrifa og yrkja
- _____ Hákon konungur réði öllu en Skúli var honum til aðstoðar
- _____ Snorri sá til þess að Norðmenn hættu við herför til Íslands
- _____ Snorri ákvað að senda dóttur sína og son til Noregs til að stilla til friðar
- _____ Snorri settist að í Reykholti 1220 þegar hann kom aftur heim

1 Hvaða leiðir fór Snorri til að efla veldi sitt? _____

2 Snorri gifti Ingibjörgu dóttur sína glæsilegasta leiðtogaefni Haukdæla, Gissuri Þorvaldssyni. Þá gifti hann Hallberu Kolbeini unga, Ásbirningi.
Flettu á bls. 50 og finndu út hvað varð um þessi hjónabönd.
Er þú lest áfram skaltu fylgjast vel með þegar fjallað er um Gissur Þorvaldsson.

3 Sturla Sigvatsson var glæsimenni og ákafamaður og ætlaði sér stóra hluti. Honum fannst ástæðulaust að Snorri réði mestu um málefni Sturlunga.
Sturlu fannst gaman að erta Snorra frænda sinn dálítið og ögra honum þegar þeir hittust.
En stundum voru þeir líka góðir vinir.

(Snorra saga bls. 41)

Semdu og flyttu stuttan leikþátt þar sem atriðin í textanum hér fyrir ofan koma vel fram.

4 Hvaða lýsingarorð (3–5) myndirðu nota til að lýsa bróðursyni Snorra, Sturlu Þórðarsyni?

5 Hvaða skoðun hafði Snorri á Órækju syni sínum? _____

6 Snorri var óvífengjanlega orðinn ríkasti og voldugasti höfðingi landsins.
Segðu frá því hvernig það kom til.

- 1 Í þessum kafla er Sturla Sighvatsson sá sem kemur mest við sögu.
Hvað var búið að ganga á áður en Sturlu og Sighvati föður hans var stefnt utan?

- 2 Hvers vegna ákvað Hákon Noregskonungur að fá Sturlu Sighvatsson til að koma Íslandi undir Noreg?

- 3 Hvers vegna hélt Snorri til Noregs 1237? Hvað hafði gengið á áður?

- 4 Árið 1238 var frægur fundur við Apavatn skammt frá Laugarvatni.
Hverjur voru á þessum fundi og hverjar voru afleiðingar hans?

- 1 Snorri fréttir af bardaganum á Örlygsstöðum þegar hann er staddur í Noregi.
Lestu frásögnina vel yfir og skrifaðu hjá þér lykilorð á uppkastsblað.
Lokaðu bókinni og skrifaðu með þínnum eigin orðum um bardagann.
Ekki opna bókina fyrr en þú hefur lokið við að skrifa.

- 2 Ein af frægustu setningum Íslandssögunnar er „*Út vil eg.*“
Hver sagði þessa setningu og af hvaða tilefni?

- 1 Sumarið 1240 bárust Snorra váleg tíðindi frá Noregi. Skrifaðu dagbók eins og þú sért Snorri og fréttir þessi tíðindi. Reyndu að láta koma í ljós líðan hans og hugsanir.

- 2 Ormur og Klængur voru bróðursynir Gissurar Þorvaldssonar og synir Hallveigar konu Snorra. Hvers vegna leituðu þeir aðstoðar Gissurar?

- 3 Hvernig myndir þú lýsa Gissuri Þorvaldssyni? Vildir þú vera vinur hans? Hvers vegna, hvers vegna ekki?

- 4 Snorri féll fyrir morðingjahendi 23. september 1241. Hvað finnst þér um það?



- 1 Ímyndaðu þér að þú hafir verið í liði Þórðar kakala í Flóabardaga og við Haugsnes. Skrifaðu bréf til vinar þíns þar sem þú segir frá því sem gerðist. Gerðu uppkast og hreinskrifaðu það. Þú mátt gera blaðið „gamalt“ eða á hvern þann hátt sem þér finnst fallegt.
- 2 Settu þig í spor blaðamanns og skrifaðu frétt um Flugumýrbrennu. Kynntu þér uppbyggingu fréttar og skrifaðu fréttina í þeim stíl. Ákveddu í upphafi hvers konar frétt þú ætlar að skrifa, með eða móti Gissuri. Gerðu uppkast og hreinskrifaðu á þann hátt sem þér finnst fallegt.
- 3 Árið 1262 er sögulegt ártal í sögu landsins.
Hvað gerðist þetta ár? Hverju breytti það fyrir Íslendinga?

- 4 Snorri var stjórnmálamaður, skáld og rithöfundur, sá mesti og frægasti sem Ísland hefur eignast. Bækurnar hans, Heimskringla, Edda og Egils saga eru lifandi enn þann dag í dag og verða alltaf. Þannig sigraði Snorri á endanum alla konunga, keppinauta sína og fjandmenn.

(Snorra saga bls. 66)

Skrifaðu nafnorðin í textanum. _____

Skrifaðu sérnöfnin í textanum. _____

Skrifaðu lýsingarorðin í textanum. _____



NÁMSGAGNASTOFNUN

08929

SNORRA SAGA – VERKEFNI